

Dalabyggð
Miðbraut 11
370 Búðardalur



Reykjavík 3. nóvember 2015
UST201510-029/K.S.J.
10.04.03

Efni: Deiliskipulag - Tjaldanesland 2

Vísað er til erindis skipulagsfulltrúa Dalabyggðar er barst 6. október sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um tillögu að deiliskipulagi landsspildunnar Tjaldanesland 2.

Ofangreind tillaga að deiliskipulagi nær til 4,9 ha landsspildu, þar sem gert er ráð fyrir að byggja íbúðarhús og gestahús/geymslu.


Náttúruminjasvæði


Umhverfisstofnun bendir á að Breiðarfjörður er verndað svæði skv. lögum nr. 54/1995 um vernd Breiðafjarðar. Eins og segir í 2. gr laganna ná ákvæði þeirra til allra eyja og skerja á Breiðafirði ásamt fjörum í innri hluta fjarðarins sem markast af línu dreginn frá Ytranesi á Barðaströnd við fjörðinn norðanverðan í Hagadrápssker um Oddbjarnarsker, Stagley og Höskuldsey í Vallabjarg að sunnanverðu. Fjaran við Tjaldanesland 2 er því á ofangreindu verndarsvæði.

Fjaran við Tjaldanes

Á uppdrætti er sýnir tillögu að deiliskipulagi spildunnar Tjaldanesland 2 er fjarlægð frá sjó ekki sýnd. Með hjálp skipulagssjár virðist fjarlægð frá sjó að mörkum byggingarreitar vera u.þ.b. 100 metrar. Að mati Umhverfisstofnunar er mikilvægt að ekki sé um óþarfa rask að ræða fjörumegin við spilduna. Einnig þarf að mati stofnunarinnar að gæta þess að ekki verði framkvæmt utan þeirra marka byggingarreitar er liggja að fjöru.

virðingarfyllst


Kristín S Jónsdóttir
Sérfræðingur


Björn Stefánsson
Sérfræðingur